

MOME2MM05

Búið til: Tue, 25 Feb 2020 13:19:21 GMT

Titill

Matur og menning

Skammstöfun

MOME2MM05

Útgáfunúmer

3

Námsgrein

Matur og menning

Viðfangsefni

Matur og menning

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er áhersla lögð á að fræða nemendur um matarmenningu mismunandi menningarsvæða. Fjallað er um hvaða hefðir eru ríkjandi, hvers vegna og hvað er líkt eða ólíkt milli landa. Nemendur kynna sér rétti frá mismunandi löndum og spreyta sig á að elda þá. Um leið halda nemendur uppi bloggsíðu þar sem þeir birta myndefni, uppskriftir, fjalla um hráefni, uppruna og hvernig til tókst.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- framreiðslu matar
- hvernig einfaldir réttir eru eldaðir frá grunni
- sjálfstæðum vinnubrögðum
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum í eldhúsinu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa uppskriftir, fylgja þeim og fjalla um megininntak þeirra
- efla skilning sinn á matargerð frá mismunandi heimshornum
- að upplifa, skynja og smakka það sem hann tekur þátt í að framreiða
- taka þátt í samræðum um mismunandi matarmenningu, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra
- skilja og beita grunnatriðum í framreiðslu matar
- skoða ólíka matarmenningu og ræða
- skoða hráefni sem til er í umhverfinu og elda það á nýstárlegan hátt
- geta unnið í teymi og skipt verkum með öðrum
- setja fram hugmyndir sínar um framandi rétti og bregðast við viðmælendum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá skoðanir sínar og tilfinningar um mat og framandi matarmenningu

- vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk matar
- fylgjast með öðrum vinna
- sýna nokkurt sjálfstæði við framreiðslu matar undir leiðsögn kennara
- tjá sig um eigin framreiðslu matar við aðra viðmælendur með almennri ígrundun og samanburði
- að halda úti bloggsíðu með íhugun um mat og mismunandi matarmenningu
- leysa úr viðfangsefnum í samstarfi við aðra
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á aga, metnað, virðingu, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega

Skólar

Fyrirmynd